

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

II HLUTI

Greining ársreikninga

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:	Greining ársreikninga		
Prófdagur:	25. janúar 2014	Kl.:	9.00-13.00
Úrlausnartími:	4 klst.	Prófblöð:	11 (þ.m.t. forsíða)
Leyfileg hjálpargögn:	Engin leyfileg hjálpargögn Netnotkun óheimil	Fylgiblöð:	<i>Kennitölublað Tölulegar upplýsingar einnig rafrænt með prófinu</i>

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Verkefni 1 (48 mín. 20%) - Krossaspurningar

Merkið við eitt rétt svar með því skrá viðkomandi bókstaf við hlið númers spurningarinnar í excel skjalinu. Nota skal 360 daga á ári þar sem það á við. Hver spurning gildir 2% og aðeins eitt rétt svar er við hverri spurningu. Ekki er dregið frá fyrir rangt svar.

1. Eftirfarandi upplýsingar eru úr ársreikningi Skorra ehf. fyrir árið 2013 :

Sjóður	15.000
Viðskiptaskuldir	25.000
Hlutfé	12.000
Ógreiddur kostnaður	10.000
Viðskiptakröfur	50.000
Bifreiðar	15.000
Fyrirframinheimtar tekjur	20.000
Óráðstafað eigið fé	12.000
Fasteign	50.000
Skammtímaverðbréf	30.000
Birgðir	25.000
Langtímaskuldir	40.000
Fyrirframgreiddur kostnaður	10.000

Hver er heildarfjárhæð veltufjármuna ?

- a) 130.000
- b) 90.000
- c) 120.000
- d) 110.000
- e) Ekkert af ofangreindu

2. (2%) Samkvæmt sjóðstreymi Hamars ehf. árið 2013 nam handbært fé frá rekstri kr. 1.200.000 og félagið notaði kr. 200.000 í fjárfestingahreyfingar. Fjármögnunarahreyfingar skiluðu kr. 100.000. Handbært fé í lok ársins 2013 nam kr. 1.400.000. Hvert var handbært fé í upphafi ársins 2013 ?

- a) 2.500.000
- b) 300.000
- c) 1.100.000
- d) 500.000
- e) Ekkert af ofangreindu

3. (2%) Samkvæmt lögum um ársreikninga ber að meta birgðir á :

- a) Söluverði
- b) Kostnaðarverði auk flutningskostnaðar
- c) Dagverði
- d) Kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist

4. (2%) Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) skal afskrifa viðskiptavild í samræmi við líftíma hennar.

- a) Rétt
- b) Rangt

5. (2%) Eigandi félagsins Spor ehf. kemur að máli við þig og óskar aðstoðar þinnar vegna hugsanlegrar arðsúthlutunar á árinu 2014 úr félaginu. Hann sýnir þér neðangreindan kafla úr efnahagsreikningi ársins 2013 :

Eigið fé skv ársreikningi 2013	
Hlutfé	500.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár	1.500.000
Lögbundinn varasjóður	125.000
Sérstakt endurmat	800.000
Óráðstafað eigið fé	600.000
Eigið fé alls	3.525.000

Hver er sú hámarksfjárhæð arðs sem mögulegt er að greiða úr félaginu á árinu 2014 ?

- a) 500.000
- b) 3.525.000
- c) 600.000
- d) 1.400.000
- e) 1.100.000

6. (2%) Þegar lokabirgðir eru vanmetnar, þá er :

- a) Kostnaðarverð seldra vara vanmetið og hagnaður ofmetinn
- b) Sala vanmetin og hagnaður vanmetinn
- c) Kostnaðarverð seldra vara ofmetið og hagnaður vanmetinn
- d) Álagning ofmetin og hagnaður ofmetinn

7. (2%) Innheimtutími krafna hjá Hlíð ehf. var 72 dagar á árinu 2013 og meðalstaða krafna á árinu 2013 var kr. 950.000. Sala ársins 2013 er því kr. :

- a) 69.350.000
- b) 4.750.000
- c) 2.100.000
- d) 9.500.000
- e) Ekkert af ofangreindu

8. (2%) Eigið fé Bernsku ehf. var kr. 3.000.000 í árslok 2013 en hagnaður ársins 2013 nam kr. 1.000.000. Hlutfé var hækkað um kr. 1.000.000 þann 1. júlí 2013 og enginn arður var greiddur. Arðsemi eigin fjár á árinu 2013 var því :

- a) 40%
- b) 33,3%
- c) 25%
- d) 50%
- e) Ekkert af ofangreindu

9. (2%) Um störf endurskoðenda gilda ýmis lög, reglur og staðlar. Hvert af neðangreindu er ekki eitt þeirra ?

- a) Lög um endurskoðendur
- b) Siðareglur endurskoðenda
- c) Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar
- d) Samskiptareglur endurskoðenda

10. (2%) Í lögum um ársreikninga er fjallað um hvernig meta skuli gangvirði. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt ?

Gangvirði skal ákvarðað með tilliti til :

- a) markaðsverðs þeirra fjármálagerna sem eru á virkum markaði,
- b) markaðsverðs undirliggjandi þátta í viðkomandi fjármálagerningi ef viðkomandi fjármálagerningur er ekki skráður á markaði
- c) virðis sem reiknað er út með almennum viðurkenndum matslíkönum eða matsaðferðum fyrir þær eignir sem ekki eru á markaði; slík matslíkön og matsaðferðir skulu gefa góða mynd af markaðsverði
- d) allt af ofangreindu
- e) ekkert af ofangreindu

Verkefni 2 (70 mín. 29%) - Textaspurningar

Leitað er eftir stuttum og hnitmiðuðum svörum. Hafið í huga þau tímamörk sem hverri spurningu eru sett.

a) 3%

Reglan um að efni máls gildi fremur en form þess er ein af meginreglum reikningshaldsins. Útskýrið hana og nefnið 2 dæmi um notkun hennar.

b) 3%

Hvers vegna er handbært fé frá rekstri samkvæmt sjóðstreymi sjaldnast sama fjárhæð og hagnaður ársins samkvæmt rekstrarreikningi?

c) 4%

Hver eru einkenni gagnlegra upplýsinga í reikningsskilum samkvæmt reglu Reikningsskilaráðs nr. 1 ?

d) 4%

Stjórnarmaður í fyrirtæki leitar til þín vegna ársreiknings 2013. Þannig er mál með vexti að félagið hagnaðist um 100 mkr fyrir skatta og nam reiknaður tekjuskattur 20 mkr en skattur til greiðslu einungis 10 mkr. Hann spyr þig hvað hafi orðið um mismuninn og hvaða rök liggi að baki því að færa meiri tekjuskatt til gjalda en kemur til greiðslu.

e) 4%

Í lögum um ársreikninga er fjallað um hvað eigi að koma fram í skýrslu stjórnar. Þar segir meðal annars :

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi skal upplýsa um:

1. aðalstarfsemi félagsins,
2. atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu félagsins og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahagsreikningi eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim,
3. mögulega óvissu við mat eða óvenjulegar aðstæður sem kunna að hafa áhrif á það og, eftir því sem við á, tilgreina fjárhæðir,
4. þróunina í starfsemi félagsins og fjárhagslegri stöðu þess
5. markverða atburði sem hafa gerst eftir að reikningsárinu lauk,
6. fjölda ársverka á reikningsári.

Hjá félögum sem skráð eru á markað eru gerðari ríkari kröfur, en hvaða tvö atriði til viðbótar þeim hér að ofan er skylt að upplýsa um í skýrslu stjórnar hjá félögum sem ekki eru skráð á markað ?

f) 4%

Endurskoðendur veita álit sitt á reikningsskilum í áritun sinni í ársreikningi. Hver er munurinn á neikvæðu álitum annars vegar og álitum með fyrirvara hins vegar. Hvaða aðrar 2 gerðir af áritunum koma til greina á endurskoðaða ársreikninga?

g) 4%

Hvaða álitamál geta komið til vegna skráningar tekna og gjalda hjá ferðaskrifstofu sem selur pakkaferðir til útlanda, en ferðaskrifstofan þarf að greiða fyrir hótelplass erlendis í september vegna ferða sem farnar verða sumarið árið eftir, auk þess sem byrjað er að selja í ferðir í nóvember vegna sömu ferða ?

h) 3%

Fyrir hvað stendur IFRS ? Hvaða aðili hefur eftirlit með því að ársreikningar séu gerðir skv IFRS. Hverjir eru skyldugir til þess að fara eftir IFRS ?

Verkefni 3 (38 mín 16%)

Hér að neðan eru nokkrir liðir úr ársreikningi fyrirtækis.

Hagnaður ársins	2.211.356
Vaxtagjöld	3.654.878
Laun og tengd gjöld	6.548.721
Álagning í %	160,02486%
Tekjuskattur (gjöld)	459.364
Veltuhraði birgða	6,00
Fastafjármunir	48.654.841
Rekstrarhagnaður	6.012.500
V/H hlutfall	5,00
Eignir alls	61.296.740
EBITDA	8.577.375
Rekstrarhagnaðarhlutfall	18,500%
Veltufjárhlutfall	0,80
Virkur tekjuskattur	17,2%
Lausafjárhlutfall	0,50
Eiginfjárhlutfall	11,50%

Finnið neðangreindar tölur í ársreikningi fyrirtækisins út frá töflunni að ofan :

Eigið fé						
Fyrningar						
Arðsemi eigin fjár						að því gefnu að engin breyting hafi orðið á eigin fé á árinu
Vaxtatekjur						
Heildarskuldir						
Hagnaður fyrir skatta						
Veltufjármunir						
Skammtímaskuldir						
Annar rekstrarkostnaður						
Sala						
Langtímaskuldir						
Kostnaðarverð seldra vara						

Verkefni 4 (29 mín. 12%)

Guðmundur Einarsson hefur í hyggju að hefja rekstur sem felst í því því að flytja inn raftæki og endurselja til verslana. Auk þess ætlar hann að hafa með höndum fjárfestingastarfsemi til hliðar við raftækjainnflutninginn. Hann veltir því fyrir sér hvaða form hann eigi að hafa á rekstrinum. Hann langar til að fræðast um 3 mismunandi form út frá því hvað kemur best út skattalega, þ.e. einstaklingsrekstur, einkahlutafélag og samlagsfélag. Guðmundur þarf að horfa heildstætt á niðurstöðuna þar sem hann verður eini eigandi rekstrarins.

Búið er að setja upp áætlun um hvernig rekstur komandi árs muni líta út varðandi raftækjainnflutninginn og skal styðjast áætlunina þegar formin eru borin saman. Erfitt er að gera áætlun um fjárfestingastarfsemina enda getur brugðið til beggja vona í þeim rekstri. Eins og sést eru vaxtagjöld ekki há, enda ætlar Guðmundur að lána fé til rekstrarins úr eigin hendi. Ef Guðmundur fer út í fjárfestingastarfsemi samhliða innflutningnum mun það ekki hafa í för með sér fjármagnskostnað þar sem hann á laust fé til ráðstöfunar í þann rekstur.

Rekstraráætlun ársins 2014	
Tekjur vegna raftækjasölu	250.000.000
Gjöld :	
Kostnaðarverð seldra vara	120.000.000
Laun og tengd gjöld	45.000.000
Annar rekstrarkostnaður	58.000.000
Fyrningar	4.000.000
	227.000.000
Rekstrarhagnaður	23.000.000
Hrein vaxtagjöld	-3.000.000
Hagnaður fyrir skatta	20.000.000

Verkefni þitt er að bera saman áðurnefnd form með tilliti til skatta (reikna þá út þannig að afrakstur rekstrarins sé til ráðstöfunar fyrir Guðmund) og annarra atriða sem þér þykir koma til greina, þ.m.t. hvernig hin ráðgerða fjárfestingastarfsemi kemur inn í dæmið ef af henni verður. Gerið ráð fyrir að jaðarlaunatekjur Guðmundar (sem einstaklings) séu í efsta skattþrepi, sem er 46,24% árið 2014.

Verkefni 5 (55 mín. 23%)

Á næstu blaðsíðu eru tölur úr rekstrar- og efnahagsreikningum (rauntölur) tveggja íslenskra félaga, Fjarskipta hf. og N1 hf., sem bæði eru skráð á markað. Um er að ræða upplýsingar úr ársreikningum áráanna 2011 og 2012 og úr 9 mánaða milliuppgjörum árið 2013. Einnig eru upplýsingar vegna nokkurra annarra félaga á markaðnum.

Settu þig í fótspor ráðgjafa hjá verðbréfafyrirtæki sem er að fara að ráðleggja manni um fimmtugt varðandi kaup á hlutabréfum, en viðkomandi á 20 milljónir króna í lausu fé sem hann vill ávaxta sem best og þá helst í hlutabréfum. Hann hefur nefnt félögin Fjarskipti hf. og N1 hf.

Athugið að ekki er hægt að reikna kennitölur fyrir öll 3 árin í sumum tilvikum, en það sem hægt er að reikna er merkt með gulu í excel skjalinu. Einnig þarf að horfa til þess að félögin hafa ekki verið lengi á markaði og þar af leiðandi er ekki til markaðsgengi langt aftur í tímann. Árið 2013 er nýliðið og ársreikningar fyrir það ár liggja ekki fyrir á þessari stundu heldur aðeins 9 mánaða milliuppgjör. Það þarf að hafa í huga þegar kennitölurnar V/H hlutfall og V/EBITDA eru skoðaðar og til einföldunar skal því uppfæra 9 mánaða tölurnar í 12 mánaða tölur þegar kemur að þessum 2 kennitölum en yfirleitt eru notaðir 4 síðustu ársfjórðungar við skoðun á þessum kennitölum en þær upplýsingar liggja ekki fyrir.

Verkefni þitt er :

- a. Reikna út fyrir árin 2011-2013 fyrir bæði félögin, Fjarskipti hf. og N1 ehf. kennitölurnar (13%)
 - i. Meðalálagning
 - ii. Eiginfjárlutfall
 - iii. Veltufjárlutfall
 - iv. Lausafjárlutfall
 - v. Biðtíma birgða
 - vi. Innheimtutíma krafna
 - vii. EBITDA
 - viii. V/I hlutfall
 - ix. EBITDA margfaldarann (V/EBITDA)
 - x. V/H hlutfall
 - xi. Markaðsverðmæti
 - xii. EBITDA / sala
 - xiii. Uppgreiðslutími (í árum) skulda með handbæru fé frá rekstri

Athugið að aðeins þarf að reikna út gulmerktu reitina í excel skjalinu, þ.m.t. markaðsverðmæti, V/H hlutfall og V/EBITDA vegna hinna 5 félaganna sem gefin eru upp.

- b. Ráðleggja fjárfestinum hvað hann eigi að gera út frá kennitöluútreikningum, auk þátta eins og t.d. áhættu, ytri þáttum, framtíðarhorfum og þróun. Ætti hann e.t.v. að horfa til annarra félaga sem upplýsingar eru gefnar um. Rökstuðningur skal fylgja. (10%)

Fylgiskjal vegna verkefnis 5

Rekstrarreikningur 2011-13 (milljónir króna)								
	Fjarskipti hf.			N1 hf.				
	Q3 2013	2012	2011	Q3 2013	2012	2011		
Tekjur	9.746	13.351	12.958	45.834	60.258	54.887		
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(5.385)	(7.657)	(7.909)	(38.445)	(50.287)	(45.294)		
Rekstrargjöld, önnur en afskriftir	(2.100)	(2.926)	(2.633)	(5.662)	(7.321)	(7.485)		
Afskriftir	(1.075)	(1.524)	(1.469)	(520)	(941)	(2.809)		
Fjármunatekjur	45	60	63	460	401	700		
Fjármagnsgjöld	(427)	(723)	(741)	(505)	(713)	(398)		
Fjárhagsleg endurskipulagning	0	0	0	0	0	4.806		
Skattar	(158)	(181)	(42)	(351)	(236)	129		
Hagnaður ársins	646	400	227	811	1.161	4.536		
Efnahagsreikningur 30/09 2013 og 31/12 2012 og 31/12 11 (milljónir króna)								
	Fjarskipti hf.			N1 hf.				
Eignir	30/09 13	31/12 12	31/12 11	30/09 13	31/12 12	31/12 11		
Fastafjármunir:								
Óefnislegar eignir	7.090	7.129	7.057	415	460	521		
Rekstrarfjármunir	3.986	4.259	4.534	10.596	10.590	11.115		
Verðbréfaeign	2	2	2	1.732	1.520	1.399		
Tekjuskattsinnæign	726	884	987	0	228	242		
	11.804	12.274	12.580	12.743	12.798	13.277		
Veltufjármunir:								
Birgðir	197	220	111	4.853	5.955	5.930		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	2.858	2.774	2.798	5.805	6.508	4.929		
Handbært fé	1.300	1.010	275	6.127	2.508	2.191		
	4.355	4.004	3.184	16.785	14.971	13.050		
Eignir samtals	16.159	16.278	15.764	29.528	27.769	26.327		
Eigið fé og skuldir								
Eigið fé:								
Hlutfé	3.408	3.408	2.550	1.000	1.000	1.000		
Annað eigið fé	3.997	3.374	1.425	14.308	13.514	12.323		
	7.405	6.782	3.975	15.308	14.514	13.323		
Skuldir:								
Langtímaskuldir	6.224	6.619	8.747	6.964	7.549	8.064		
	6.224	6.619	8.747	6.964	7.549	8.064		
Skammtímaskuldir	2.530	2.877	3.042	7.256	5.706	4.940		
	2.530	2.877	3.042	7.256	5.706	4.940		
Skuldir samtals	8.754	9.496	11.789	14.220	13.255	13.004		
Eigið fé og skuldir samtals	16.159	16.278	15.764	29.528	27.769	26.327		
Handbært fé frá rekstri skv sjóðstreymi	1.496	2.295	1.716	4.302	2.540	1.279		
Markaðsgengi í árslok	2.570	3.255	ekki á markaði	18,90	ekki á markaði			

UPPLÝSINGAR UM NOKKUR ÖNNUR FÉLÖG Í KAUPHÖLLINI :

		Hlutir	EBITDA	Hagnaður
Félög í Kauphöll (lok 2013)	Gengi	í millj.	í millj.	í millj.
Eimskip hf.	262,00	200,00	6.301,87	2.084,13
Hagar hf.	38,40	1.217,59	5.648,00	3.697,33
Icelandair Group hf.	18,20	5.000,00	22.438,23	10.742,67
Marel hf.	133,00	735,57	11.957,33	3.654,53
Reginn hf.	15,55	1.300,00	3.572,00	1.454,67